



Svífðu litla, léttla blað ...

3.tbl., 3. árg.
Skóladeild Akureyrar



Gagnlegt og skemmtilegt efni fyrir yngri nemendur

Á heimasíðum skólanna má oft finna gagnlegt og skemmtilegt efni. Á heimasíðu Oddeyrarskóla er hlekkur sem heitir **þjálfunarefni fyrir nemendur** og þar er hægt að finna orðalista til að þjálfva algengustu orðin, ýmis samhljóða-sambönd o.fl.

Einnig vísað á heimasíðu Laugarnesskóla en þar má finna margar skemmtilegar leiðir til að nota í stærðfræðivinnu með nemendum. Þar eru m.a. spil af ýmsum toga og kennari útskýrir þau á you tube myndböndum.

<http://oddeyrarskoli.is/nefnuhradi-thjalfunarefni/>

<http://www.laugarnesskoli.is/index.php/foreldrar/foreldrar-bregdha-a-leik-i-staerdhfraedhi>

Á heimasíðu kennsluráðgjafa er dæmi um íslenskuvinnu með nemendum þar sem goggur er notaður til að örva tjáningu og málnotkun:

http://akmennt.is/erlendir/goggur_verk_efni.pdf



Fræðsluefni

ADHD samtökin hafa nú látið þýða bæklinginn *Hvað er ADHD?* á pólsku en í honum má finna grunnupplýsingar um ADHD. Bæklingurinn er á rafrænu formi á heimasíðu ADHD samtakanna og slóðin er komin undir pólska hlekkinn á heimasíðunni:

<http://www.adhd.is/static/files/PDFskjol/adhd-grunnbaeklingur-polska.pdf>

Bæklingar um málproska og lesskilning

Hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur eru komnir út bæklingar þar sem fjallað er um leiðir til að örva málproska og mál- og lesskilning barna frá fæðingu til 12 ára aldurs.

Bæklingarnir eru unnir í samstarfi við Árórsaborg en þar eru þeir til á ýmsum tungumálum, t.d. arabísku, dönsku, ensku, kúrdísku, pólsku, sómölsku, tyrknesku og víetnömsku.

Hlekkur á heimasíðu Árósa er:

<http://www.aarhus.dk/da/borger/familie-boern-og-unge/Pasning/Dit-barns-sprog-og-laesning/Pjecer-til-foraeldre.aspx>

Með bestu kveðjum!

Helga

